

## Skólanámskrá

**Bekkur: 6 bekkur**

**Námsgrein: Samfélagsgreinar**

*Lífsleikni og umfeðrafræðsla*

**Ábyrgð**



**Virðing**

**Velliðan**

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<b>Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga og menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.</li> <li>skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.</li> <li>aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.</li> <li>notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.</li> <li>lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.</li> <li>notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.</li> <li>dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.</li> <li>greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.</li> </ul>	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat.  Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks (6.bekkur islam og gyðingdómur).</li> <li>• rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs (6.bekkur islam og gyðingdómur).</li> <li>• gert grein fyrir völdum frá sögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims (6.bekkur islam og gyðingdómur).</li> <li>• nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög (6.bekkur islam og gyðingdómur).</li> <li>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.</li> <li>• gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.</li> <li>• sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu.</li> <li>• séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.</li> </ul>			
<p><b>Hugarheimur</b>  <b>Sjálfsmynd:</b>  <b>Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans.</li> <li>• áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.</li> <li>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.</li> <li>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</li> </ul>			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.</li> <li>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</li> </ul>			
<p><b>Félagsheimur</b>  <b>Samskipti: Hæfni</b>  <b>nemanda til að</b>  <b>mynda og þróa</b>  <b>tengsl sín við</b>  <b>aðra</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li> <li>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.</li> <li>• rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.</li> <li>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur.</li> <li>• sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.</li> <li>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</li> <li>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</li> <li>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</li> <li>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</li> </ul>			
<p><b>Umferðarfræðsla</b></p>	<p><b>Að nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• læri um umferðarhegðun og umferðaröryggi</li> <li>• læri á almenningsamgöngur</li> </ul>			